

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. desember 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Jóhann Kristjánsson og Þróstur Helgason. Steinunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson var gestur undir 2. lið. Sigrún Birna Björnsdóttir átti að vera gestur undir 1. lið en boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing í febrúar

Sjá fg. ÍM 9/2017, lið 2. Farið var yfir undirbúning málþingsins um lestur ungmenna sem haldið verður í sal Ármúlaskóla 7. febrúar kl. 15–17. Þingið á að vera tvískipt. Í fyrri hluta halda eftirtaldir stutt erindi (um 10 mín.): Egill Örn Jóhannsson frá Félagi bókaútgefenda, Sigrún Birna Björnsdóttur frá Samtökum móðurmálskennara og Brynhildur Þórarinsdóttir frá Barnabókasetri á Akureyri. Ræðumaður nemenda kemur frá MH (vantar enn nafn nemandans). Þá er gert ráð fyrir kaffihléi í 20 mínútur og þar á eftir verða hringborðsumræður í allt að 45 mínútur þar sem 3–4 nemendur, útgefandi og rithöfundur ræða saman. Annaðhvort útgefandinn eða rithöfundurinn tekur niður punkta sem síðan verða sendir ÍM sem vinnur úr þeim og birtir niðurstöðurnar. Óskað verður eftir því að Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra komi og haldi stutt ávarp í lok málþingsins.

Unga fólk og *bókmennirnir* var samþykkt til bráðabirgða sem heiti á málþinginu en umræður voru um að reyna að finna betra heiti. Ákveðið var að fara í byrjun febrúar í Ármúlaskóla, kanna hvernig húsnæðið lítur út áður en ákveðið verður hvernig ráðað verður upp í salinn. MS hefur samþykkt að sjá um veitingar fyrir málþingið en það þarf að fá staðfestingu á því. Mikilvægt er að fá höfunda og útgefendur unglingsbóka til að sækja málþingið.

2. Greinamerkjareglur. Kynning

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson kynnti skýrslu sem hann hafði tekið saman um greinamerkjasetningu. Jóhannesi var falið að halda áfram með þessa vinnu og ákveðið var að honum yrði greidd þóknun fyrir vinnuna. Formaður lagði til að hver og einn læsi skýrsluna vel og sendi Jóhannesi athugasemdir.

3. Málstefna RÚV

Óskað hafði verið eftir athugasemdum frá stjórn ÍM um drög að nýrri málstefnu RÚV. ÍM lýsti ánægju sinni með drögin og en lagði til að fella brott setningu sem hefst á „Málstýring tengist málstefnu ...“ Setningin er óþarflega fræðileg og bætir ekki málstefnuna. Einnig var lagt til að breyta orðalaginu „á grundvelli kynþáttar“ í 6. kafla í „á grundvelli uppruna“ þar sem orðið *kynþáttur* er gildishlaðið í hugum margra.

4. Fundur með Samtökum atvinnulífsins

Sjá fg. ÍM 8/2017, lið 4. Farið var yfir bréf sem ákveðið hefur verið að senda til Samtaka atvinnulífsins og ýmissa annarra samtaka þar sem óskað er eftir samræðufundi með þeim 18. janúar í Þjóðmenningarhúsi. Bréfin voru send út að loknum stjórnarfundi.

5. Önnur áform til haustsins 2018

Sjá fg. stj. ÍM 7/2017, 2. lið. Þriðja starfsár ÍM hófst 1. september sl. og áhersluatriði þess er *Áhrif fjölmenningsamfélagsins á málið og viðbrögð við auknum ferðamannastraumi* (<http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>). Þessu tengt ræddi stjórn ÍM frétt sem birtist á miðlinum Vísir.is 21. október sl. sem bar fyrirsögnina *Innflytjendur krefjast skýrari íslenskustefnu*. Í fréttinni kemur fram að Retor-fræðsla (retor.is) standi fyrir vitundarvakningu um notkun íslensku sem leiðandi tungumáls á vinnustöðum. Formaður lagði til að fá fulltrúa frá Retor-fræðslu á stjórnarfund ÍM í febrúar með hugsanlegt samstarf í huga um málræktarþingið 2018.

6. Önnur mál

a) Umsögn um reglugerð um örnefnanefnd

Íslenskri málnefnd barst tölvuskeyti 21. október sl. frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir umsögnum um drög að reglugerð um störf örnefnanefndar. Send var umsögn til ráðuneytisins þar sem fram kom að stjórn ÍM hefði farið yfir drögin og að hún hefði ekkert séð sem betur mætti fara.

b) Skipun fulltrúa í mannanafnanefnd

Skipa þarf fulltrúa í mannanafnanefnd á næsta ári. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, fulltrúi Íslenskrar málnefndar í mannanafnanefnd, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í nefndinni. Varamaður hans er Ingibjörg B. Frímansdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Athuga þarf hvort Ingibjörg gefi áfram kost á sér sem fulltrúa í mannanafnanefnd.

c) Erindi frá Skúla Brynjólfi Steinþórssyni um heitið flugliði

Skúli Brynjólfur Steinþórsson, fyrrv. starfsmaður Flugmálastjórnar og áður fulltrúi í flugorðanefnd, sendi erindi til ÍM í nóvember sl. þar sem hann bendir á ranga notkun á orðinu flugliði en hjá flugfélaginu Wow Air hefur heitið verið notað um flugfreyjur og flugþjóna. Skúli Brynjólfur bendir á að í reglugerð um almannaflyg flugvéla merkir heitið flugliði: Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og er falið starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur. („flight crew member“). Stjórn ÍM skilur vandann sem felst í því að heitið flugliði sé notað á svo ólíkan hátt en bendir á að samkvæmt núgildandi lögum (nr. 61/2011) og reglugerð (nr. 440/2012) er iðorðastarf ekki lengur meðal verkefna ÍM. Stjórn ÍM leggur því til að Skúli Brynjólfur Steinþórsson beini erindi sínu til samgönguráðuneytisins.

d) ISAVIA

ÍM hefur áður sent Isavia og stjórnvöldum erindi vegna upplýsingaskilta á Keflavíkurflugvelli þar sem ensku hefur verið gert hærra undir höfði en íslensku. Stjórn ÍM vill enn á ný vekja athygli á málinu og fara fram á það við íslensk stjórnvöld að framfylgt sé lögum um íslenska tungu nr. 61/2011 þar sem segir í 1. gr. „Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.“ Vegna þessa mál sendir ÍM bréf til forsætisráðherra, fjármálaráðherra og samgönguráðherra.

Fundi lauk kl. 16.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir